

Landsamband Æskulýðsfélaga

7. fundur framkvæmdastjórnar

Haldin í Efstaleiti 9 103. RVK (Landskrifstofu Rauða kross Íslands)
Mánudaginn 6. október 2008
Frá kl 18:00 til 20:00

1. Fundur settur og fundargerðir lagðar fram til samþykktar?

- Fundur settur kl 18:09 Mættir voru Jón Þorsteinn (JPS) í gegnum Myndsíma, Davíð, Hildur (HTF), Pálína (PBM) og Sindri.
- Fundargerðir s.l. funda yfirfarnar. Athugasemd gerð við vöntun á upplýsingum um hverjir mættu á síðasta fund. Eftir breytingu er fundargerðin samþykkt.

2. Aðalfundur YFJ í Rottedam 13. til 15. nóv

- Hægt að senda tvo fulltrúa.

Strangt til tekið verður að senda KK og KVK, en hugsanlega er eðlilegt að sækja um undanþágu.

Ákveðið er að sækja um undanþágu til ferðarinnar og lagt til að HTF og PBM fari fyrir hönd LÆF á Íslandi.

3. Fjárhags og framkvæmdaráætlun LÆF fyrir 2009 lögð fram til samþykktar

- Umsókn til fjárlaganefndar hefur verið send inn

Stjórnarmenn eru hvattir til að mynda tengsl og nýta sér tengsl við einstaklinga sem kunna að hafa áhrif á fjárlaganefndar umsóknina.

Fjárhags og framkvæmdaráætlun LÆF lögð fyrir fundinn og hún var samþykkt einróma!

4. Bókari LÆF

Það kom tillaga á síðasta fundi um að ráða bókara til að halda utan um bókhald LÆF á síðasta fundi

HTF hefur kannað þetta og fundaði með bókara á miðvikudaginn og sú er tilbúin að bóka allt fyrir okkur fyrir 50.000 kr. Hún er einnig tilbúin að halda því áfram með fyrirvara um hækkun eða lækkun á kostnaði vegna vinnu sinnar.

Það er samþykkt að ganga til samkomulags við Gerðu, starfsmann Akranesdeildar Rauða kross Íslands.

Framkvæmdastjóri mun gera samning við hana um samkomulagið milli LÆF og bókarans.

5. Gjaldkerastaða laus til umsóknar

Engin framboð hafa borist

Formaður, settur Gjaldkeri, mun hitta framkvæmdastjóra vegna þeirra reikninga sem hafa borist félaginu.

Hugmynd um að kanna hvort einstaklingar hjá SÍNE eða SUF væru tilbúnir að taka gjaldkerastöðuna að sér. HTF mun tala við Agnar og Hjördísi um hvort að einhver þar væri tilbúin að taka þetta að sér.

6. Vefmálefni nýjar fréttir

HTF: Vefmálin eru komin í fastar skorður! Búið er að færa youth.is yfir á æska.is. Búið er að laga útlitið í Iexplorer. Búið er að færa póstinn okkar frá Símanum og yfir til Stefnu. Það tapaðist eitthvað af pósti við þessa yfirfærslu. HTF heldur vel utanum uppfærslur á síðunni.

Athugasemd kom fram um að það vanti fleiri atburði inn í viðburðardagatalið → Mun batna þegar HTF hefur samband við fulltrúaráðið.

Lagt til að bæta við ASÍ kynninguna inn á viðburðardagatalið. → samþykkt

LÆF á Facebook er í vinnslu hjá HTF. PBM vill passa upp á að um verði að ræða "Organization/Group" en ekki að skrá LÆF sem "einstakling". Allir sammála um það.

7. Þing ungarfólksins

JPS: Ekkert að fréttastofa af PUF → búið að vera mikið að gera hjá flokkunum.

PUF verður væntanlega haldið eftir áramót → spurning um að taka eitthvað af því sem er efst á baugi í dag, þ.e. efnahagsmálin. Óska eftir tillögu frá ungu samtökunum.

8. Kynning hjá ASÍ –

HTF bókaði LÆF í kynninguna 23. og 24. okt

Við ráðum viðveru okkar. Best að vera í kringum 9 leytið og í kringum kaffi og matarhlé.

Tillaga um að vera með skjá og PowerPoint presentation við básinn samþykkt.

ATH. Að muna eftir hugmynd um regnhlíf og aðildarfélagabæklinga sem hanga niður úr regnhlífinni. Táknrænt fyrir tilgang félagsins.

9. Fulltrúa í fulltrúaráð

- Fulltrúi frá félögum stjórnarmanna

Nauðsynlegt að við í stjórninni finnum fulltrúa úr okkar félögum.

- Fulltrúaráðsfundur í nóvember

HTF reyni að finna fleiri fulltrúa.

5 félög sem hafa skilað inn fulltrúaupplýsingum.

10. Námskeið

- PR námskeið

HTF hafði samband við Andrés og honum leist ofsalega vel á þessa hugmynd. Hann heldur námskeið sem eru 2-3 tímar og tekur 50.000 kr. þar sem bara er verið að ræða praktíska hluti.

Stefna að því að bjóða öllum æskulýðsfélögum á námskeiðið og að aðildarfélögin fái lægra gjald eða jafnvel ókeypis.

Ef við fáum úr æskulýðssjóði þá gætum við sett þetta á í haust, annars ekki.

DÖS kannar önnur félög/fyrirtæki sem halda PR námskeið og lætur HTF vita.

11. Fundir með MMR

- Erfitt að ná sambandi við ráðamenn → HTF hefur ekki náð í ráðamenn.

JPS bendir á að skv. einhverjum reglum hjá MMR þá er best að hafa samband í gegnum formlega beiðni.

HTF heldur áfram að vinna í því að ná í ráðamenn.

12. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

- Bréf lögð fram

Bréf frá Leyendo Europea þar sem beið er um þátttakendur í verkefni. Lagt til að slíkur póstur verði sendur inn á æsku.is síðuna og HTF ætlar að reyna að setja inn á póstlista til aðildarfélaganna.

13. Önnur mál:

SSE segir frá ferð sinni.

Ráðstefnan snérist ofsalega mikið um Evrópu og hvernig ungt fólk gæti haft áhrif í Evrópu. Mikið rætt um Evrópusambandið. Sindri sýnir tillögu sem þau hafa fengið. Mikið var rætt um það hvernig hægt væri að fá ungt fólk inn í æskulýðsstarf. Hvaða leiðir eru færar í slíkum efnum. Gefa út leiðbeiningar o.þ.h. Þau setja rosalega mikla áherslu á stefnumiðun í málefnum ungs fólks, s.s. samgöngumálum o.þ.h. Þessi félög eru mikið spurð af stjórnvöldum um málefni ungs fólks. Á fundum hjá þessum félögum eru jafnvel fulltrúar frá ríkisstjórninni.

Gagnleg ferð. Sindri mun senda ályktunina sem unnið var að á ráðstefnunni til stjórnarmeðlima.

HTF: Segir frá samtali við danska youth councilinu. Þar sem að kom fram að Ísland hefði tekið að sér að halda fund árið 2009. HTF tjáði það að við hefðum ekki efni á því að halda þennan fund 2009.

HTF hefur beið um að fá senda þessa fundargerð þar sem að þetta loforð Íslands var tekið fram.

14. Fundi slitið. (JPS) 19:06